

Ársskýrsla

Skógræktarfélags Akraness

2022



Aðalfundur Skógræktarfélags Akraness var haldinn í Jónsbúð þriðjudaginn 15. mars kl. 20. Stjórn félagsins var endurkjörin með þeim breytingum að Þóra Björk hættir en Oddný kemur inn sem aðalmaður og Ellert sem varamaður. Philippe lést 2021. Stjórnina skipa: Jens Benedikt Baldursson formaður, Bjarni Þóróddson varaformaður, Katrín Leifsdóttir ritari, Eiríkur Karlsson gjaldkeri. Meðstjórnendur: Einar Guðleifsson, Oddný Björgvinsdóttir. Varamenn: Ellert Kristinn Jósefsson, Helena Valtýsdóttir, Hjördís Hjartardóttir, Jóhannes Simonsen, Margrét Þorvaldsdóttir, Leó Jóhannesson, Stefán Teitsson. Skoðunarmaður ársreikninga: Lárus Ársælsson og Stefán Teitsson til vara.

2022 var þokkalegt vaxtarár. Skv. Veðurstofu Íslands var veðurfar ársins 2022 mjög breytilegt, en ársmeðaltöl hita, vinds og loftþrýstings enduðu mikið til í meðallagi. Illviðrasamt var frá upphafi ársins og fram í miðjan mars. Vorið var hlýtt og hægviðrasamt og tíð almennt góð. Sumarið (júní til ágúst) var tiltölulega kalt og mjög hlýr dagar voru fáir. September var þó hlýr og hægviðrasamur um land allt. Árið endaði svo á tveimur óvenjulegum, en afar ólíkum mánuðum. Nóvember var mjög hlýr. Þetta var hlýjasti nóvembermánuður á landsvísu frá upphafi mælinga. Desember var aftur á móti sérlega kaldur.

Gróðursett voru 5.498 tré í 20 gróðursetningarferðum þar sem meðalfjöldi mættra var 3,8. Fjöldi dagsverka í gróðursetningu var 52. Mest var gróðursett af litlum bakkaplöntum eða samtals 4.865. 1.342 birki, 110 reynitré, 1.142 grenitré (sitkagreni en einnig blágreni), 948 aspir, 110 asparstiklingar, 848 furur, 80 rússalerki, 285 gráelri. Meirihlutinn var gróðursettur í Slögu. 633 stærri tré voru gróðursett, mest pottaplöntur en einnig stærri hnaustré sem keypt voru af Jóni Guðmundssyni eða tré sem voru færð milli svæða. Þetta voru 303 birki, 50 greni, 76 aspir, 24 furur, 150 asparstiklingar og nokkur önnur tré. Birkitrén voru m.a. rötarskot sem voru sett í potta 2021. Sorooptimistar og Fjölbrautaskólinn keyptu tré af Jóni Guðmundssyni og gróðursettu í Slögu (Sorooptimistar) og í Garðafloa (FVA).

Fyrstu trén frá Landgræðslusjóði komu 21. maí. Gróðursetningu bakkaplannta lauk 5. sept., þ.e. plantna sem komu í lok ágúst.

Eins og undanfarin ár voru plönturnar settar í vökvunarbakka við Einbúann áður en þær voru settar niður. Í vökvunarbakkana var settur áburður. Trén dafna vel framan af í vökvunarbökkunum en verða drusluleg þegar á liður. Gott væri að fá rennandi vatn við Einbúann. Þá þarf að gæta þess að setja „lifandi“ mold í vökvunarbakkana og í pottana, þ.e. mold sem er tekin við eldri tré og er með nauðsynlegar bakteríur og sveppi. Gæðamoldin sem við kaupum af fyrirtækinu Gæðamold virðist vera of „steril“.

Fjöldi 90 lítra múrbala var keyptur í Múrbúðinni og litlu pottaplönturnar settar í þá. Plönturnar fá nokkurt skjól í múrbölunum og virðast þrífast betur þar. M.a. er auðveldara að sinna trjánum, hreinsa amagróður (sem oft er kallað illgresi) o.fl. Þá voru keypt nokkur fiskiker sem pottatré eru sett í. Trén sem fá skjól virðast dafna betur en tré sem eru á bersvæði.

Við fengum góða aðstoð við gróðursetninguna. Auk sjálfboðaliða Skógræktarfélags Íslands má nefna: 2. júní gróðursettu **sjálfboðaliðar Grétars** í Slögu.

30. maí gróðursettu **Sorooptimistar** stærri tré sem þær keyptu af Jóni Guðmundssyni á svæði þeirra neðan gömlu Slögu sem þær ætla að sjá um í framtíðinni. Jafnframt keyptu þær tvö borð til að hafa á svæðinu.

16. júní var auglýst **gróðursetning fyrir almenning**. Samtals 16 mættu, þar af 6 stjórnarmenn.

6. sept. mættu ungir **skátar** með foreldrum og eldri skátum og gróðursettu nálægt Klapparholti.

27. apríl og 28. sept. mættu **útskriftarnemendur FVA** ásamt nokkrum kennurum og gróðursettu stærri tré nálægt hringtorginu við Bónus.

28. ágúst gróðursettum við skrautreyni með **fjölskyldu Philippe Ricart** til minningar um hann.

Plöntusjúkdómar. Asparglittan var erfið fyrir litlu aspirnar eins og áður. Birkikemba, tígulvefari og fleiri skaðvaldar herja á birkið. Tjón af völdum þessara og fleiri skaðvalda er tölvvert. Nokkuð var úðað á árinu en ekki er gerlegt að úða allt skóglendið, stærri tré verða að sjá um sig sjálf þar til náttúrulegt jafnvægi

næst. Auk þess má ekki úða né nota áburð í gömlu Slögu sem er vatnsverndarsvæði. Aðallega voru bakkaplöntur og pottaplöntur úðaðar áður en þær voru gróðursettar.

Möl og stígagerð: Stígagerðin er kostnaðarsamasti útgjaldaliðurinn hjá okkur. Nýr stígur var gerður við innganginn í Slögu og var það langdýrasta verkefni ársins. Settur var jarðvegsdúkur undir mölina og reyndist það mjög vel, sparar efni.

Í nóv. leigði félagið 1,5 tonna gröfu af Ingólfi Valdimarssyni. Jens vann á henni og setti niður ræsi, gróf vatnsrásir með stígum til að þurrka þá, lagaði stíga og margt fleira. Þetta reyndist ákaflega vel og mikið var gert þó nóv. sé ekki heppilegasti mánuðurinn fyrir svona vinnu á votlendum svæðum okkar. Í einu hvassviðrinu brotnaði rúða á gröfunni og var þá aðgerðum hætt þetta haustið.

Nýr gámur í Slögu. Valdimar Guðmundsson, sem er með gámapjónustu á Grundartanga, gaf okkur gám á haustdögum. Þó við fengjum gáminn gefins þá var ýmiss kostnaður í kringum hann. Ná þurfti í gáminn inná Grundartanga, fá 2 tveggja tonna steinstöpla til að setja undir afturenda gámsins og festa gáminn við þá eftir að þeir höfðu verið grafnir niður. Ýmsa aðra jarðvinnu þurfti áður og eftir að gámnum var komið fyrir. Hann var settur á milli hinna gámana en 3 metrum innar og soðinn fastur við þá. Þessi lega gámsins er hugsuð til að búa til skjól t.d. í jólatrjáasölunni eða þegar slakað er á með sjálfboðaliðum. Stefnan er að setja hurð og glugga í þennan gám og gera hann að samkomustað. Bjarmar sá um flutninga og jarðvegsvinnu og Steðji sá um að festa gáminn við stöplana og sjóða hann fastann við hina gámana.

Ókeypis hellur. Í bænum var verið að leggja nýja gangstétt. Við fengum leyfi til að fá töluvert af hellunum sem voru teknar upp. Slíkar hellur gagnast víða hjá okkur, t.d. í kringum gáma okkar. Gott er að hafa skógræktarfélagið í huga þegar fólk vill losna við nýtilegar hellur, garðhúsgögn o.fl. sem gæti gagnast okkur. M.a. er gasgrillið okkar grill sem Einar Guðleifsson gerði upp en því átti að henda.

Mold í Slögu. Við höfum fengið verktaka sem eru að flytja mold úr grunnum á Moldartippana til að sturta moldinni á svæðið inn af gámum okkar í Slögu. Þar var jafnað úr stórum kurlhaug fyrir nokkrum árum og sett þunnt lag af mold yfir. Illa hefur gengið að rækta nokkuð á þessu svæði og það hefur sigið töluvert. Stefnt er að því að setja þykkara moldarlag á svæðið og mynda hóla eða garða sem gætu myndað skjól og hægt er að gróðursetja í. Þarna gæti orðið fyrirtaks útivistarsvæði í framtíðinni.

Foktjón í illviðrum í Slögu. Skiltið okkar neðan við gámana í Slögu skemmdist í einu illviðrinu vorið 2022. Efsti hlutinn fauk af og hefur ekki fundist þrátt fyrir leit. Þetta skilti hefur áður skemmst í illviðrum og m.a. er búið að styrkja stoðirnar með stálbiltum og staga skiltið niður. Hér að framan var greint frá því að rúða á gröfu splundraðist í illviðri í nóvember. Í skóginum er fínt skjól en utan hans verður gjarnan bálhvasst þar til tekist hefur að rækta upp skóg.

Jens hitti eldri mann í Slögu sem sagði að hann hefði ekki haft nokkra trú á að skógrækt væri möguleg þarna þegar fólk byrjaði að gróðursetja eftir 1980. Hann hefði verið þarna í miklu hvassviðri áður en skógrækt hófst og þurft að skríða til að fjúka ekki. Hann hefði ekki trú að því að tré gætu vaxið í illviðrunum þarna. Núna hefði hann látið sannfærast og gengi gjarnan um svæðið, í vaxandi skóginum væri fínt skjól þó vindur blási.

Nýtt hlið við inngang 4 neðan Slögu. Einar Guðleifsson smíðaði nýtt hlið úr gamla hliðinu sem var við aðalinnganginn í Slögu. Nýja hliðið er tvöfalt og lengra en upprunalega hliðið. Það var sett upp við inngang 4 að nýja svæðinu neðan Slögu. Það er nógu breitt til að stór vinnutæki komist þar í gegn.

Sjálfboðaliðar Skógræktarfélags Íslands mættu mánudaginn 15. ágúst og unnu hjá okkur í 5 daga til föstudagsins 19. ágúst. Þetta voru 3 piltar og 2 stúlkur, frá Ítalíu, Spáni og Póllandi. Narfi skógfræðingur hjá Sí stjórnaði hópnum. Sett voru niður bakkatré og pottatré, tré sett í potta og hugað að litlum trjám með því að setja pappaspjöld í kringum þau, troða niður gras o.fl. Þau tóku til og gerðu margt fleira fyrir skógræktina okkar. Þau fengu að gista í skátahúsinu eins og venjulega.

Rótarýfélagar grisjuðu og aðstoðuðu okkar á ýmsan hátt.

Ingólfur Valdimarsson sá um að **slá stígana** hjá okkur eins og undanfarin ár og leigði okkur gröfu.

Líf í lundi var haldið í fínu veðri á miðsvæðinu í Slögu mánudaginn 27. júní kl. 18 – 20. Tókst ágætlega og var fólk afar ánægt. Mjög góð mæting var á samkomunni, 93 skráðu sig í viðverubókina en fleiri munu hafa mætt. Haldið í samvinnu við skátana og Norræna félagið á Akranesi. Töluvert af börnum mætti með foreldrum eða öðrum. Grillaðar voru pylsur, steiktar lummur, ketilkaffi, bingó, axarkast, tálgun og snúrudeig bakað yfir eldi. Þóra Gríms sagði sögu. Fólk undi sér vel í góða veðrinu í skóginum töluvert eftir að samkomunni lauk. Það er umhugsunarefni að stjórnarmenn eru bundnir við hinar ýmsu framkvæmdir eins og grill, lummur, ketilkaffi o.fl. Reyna þarf að virkja fleiri. Þá væri hægt að skipuleggja fleiri viðburði eins og gróðursetningu, gönguferðir, leiki o.fl.

Jólatrjáasalan. Við höfum lítið af jólatrjám í heppilegri stærð sem við tímum að missa. Því var ákveðið að auglýsa ekki jólatrjáasöluna nema á Facebook-síðu okkar og í pósti til félagsmanna og selja aðeins tré í einn dag. Jafnframt var tekið fram að við hefðum lítið af trjám en hægt væri að finna tré meðal stærri trjána og jafnvel saga ofan af stærri trjám. Eins og við var að búast mættu fáir og örfá tré voru seld. Hins vegar finnst okkur ánægjulegt að hitta velunnara skógræktarfélagsins og bjóða þeim uppá kakó og kökur sem var vel þegið þennan kalda vindasama dag í desember.

Framkvæmdasamningurinn við Akranesbæ rann út í lok árs 2020. Ekki hefur náðst að endurnýja hann en bæjarstjórn hefur samþykkt að veita okkur 3 milljóna árlegan styrk eftir sem áður.

Glíman við sauðkindina. Árlega fer nokkur tími í að laga girðinguna um Slögu, sérstaklega girðinguna að fjallinu, efst í Slögu, en hún skemmist oft í grjót- eða snjóskriðum. Í lok maí komust rollur inn um hliðið að Ósi sem hafði verið skilið eftir opið. Eftir nokkurn eltingarleik tókst að losna við þær. Smíðað var nýtt gönguhlið að Ósi og einnig voru smíðuð og sett upp gönguhlið að tveimur öðrum inngöngum að svæðinu neðst í Slögu. Stöðugt þarf að fylgjast með að fólk loki hliðunum og að girðingarnar séu í lagi.

2022 voru unnin 146 dagsverk (1 dagsverk = 8 tímar) á vegum skógræktarfélagsins. Haldnir voru 8 stjórnarfundir. Meðalfjöldi mættra var 6. Við þetta bætast 18 vinnufundir sem oftast voru á mánudögum kl. 17-19. Raunar var þessum fundum oft blandað saman, fundað fyrst og síðan tekið til hendinni. Meðalfjöldi mættra var 4.

Önnur vinna en gróðursetning fólst í viðhaldi húsakosts og tækja, viðhaldi klósettskúrs í Slögu, asparstiklingar voru klipptir, slegið, vatnslagnir og tengingar, jólatrjáasala, tiltekt, grisjun, stígagerð, girðingarvinna, aðstaða o.fl. Smíðuð voru 3 gönguhlið og sett upp við innganga að Slögu. Rotþróin við klósettskúrinn var stífluð og voru rörin grafin upp og endurnýjuð. Slumpað var á tíma vegna tölvuvinnu og símhringinga, skipulagningu og þess háttar sem erfitt er að mæla. Vinna okkar sjálfboðaliðanna er áreiðanlega vantalín eins og mestöll vinna venjulegs fólks.

Vinnustígur í Garðafloá. Í lok ársins samþykkti stjórnin að Akranesbær fengi að leggja vinnustíg um svæði okkar nálægt Einbúanum. Þetta var voldugur stígur fyrir vöruflutningabíla til að flytja mól og jarðveg á nýja byggingarsvæðið nálægt Einbúanum. Fjarlægja þurfti nokkur tré og færðum við nokkur í Slögu. Verktakarnir tóku stærri trén upp með gröfu og vonandi tekst að láta þau lifa á nýjum stað. Töluvert rask verður vegna framkvæmda í nýja hverfinu og ljóst að fjöldi lítilla trjáa mun skemmast.

Skógræktarfélag Akraness 80 ára 18. nóv. 2022. Félagið hélt uppá afmælið í Jónsbúð mánudaginn 21. nóv. kl. 18. Ágæt mæting var í afmælið, fulltrúar mættu frá Skógræktarfélagi Íslands, Skógræktarfélögum Borgfirðinga og Skilmannahrepps, Soroptimistar og fulltrúar Skátafélags Akraness og Norræna félagsins mættu. Flutt var yfirlit yfir sögu félagsins, ávörp voru flutt, myndasýning og boðið

uppá veitingar. Félagið fékk góðar kveðjur og gjafir. Bjarni Þóroddsson var gerður að heiðursfélaga á fundinum fyrir góð störf fyrir félagið.

Lokaorð: 2022 hafði covid farsóttin lítil áhrif á starf félagsins og þegar kom fram á sumarið má segja að starf félagsins hafi verið komið í venjulegt horf.

Á árinu var, líkt og árið 2021, lögð meiri áhersla á að setja lítil tré í potta en að gróðursetja þau beint í háu grasinu. Á næstu árum kemur í ljós hvernig það reynist að láta trén vaxa fyrstu árin í pottum áður en þau eru gróðursett. Þá voru tré færð milli svæða.

Það er ánægjulegt að hópar eins og Soroptimistar, nemendur Fjölbrautaskólans, skátar o.fl. gróðursetji og sinni á annan hátt svæðum okkar. Sjálfboðaliðar Grétars Einarssonar koma árlega og aðstoða okkur og félagar í Rótaryklúbbi Akraness vinna í skógræktinni á hverju ári. Vinna ótalmargra sjálfboðaliða í gegnum árin hefur gert Slögu og Garðaflóa að þeim skógræktarsvæðum sem þar eru í dag.

Félagið hefur notið mikillar velvildar í samfélaginu. Bæði hafa fyrirtæki og starfsmenn þeirra reynst félaginu vel og bæjarfélagið hefur styrkt starf þess. Nefna má fyrirtækin Bjarmar, Ingólf Valdimarsson, Mannvit, starfsmenn Steypustöðvarinnar o.fl. Þá ber að þakka verktökum sem eru að flytja mold á Moldartíppana en hafa affermt hana á svæði okkar í Slögu, okkur að kostnaðarlausu.

Í lokin þakka ég félagsmönnum og ekki síst stjórnarmönnum skógræktarfélagsins fyrir ómetanlegt framlag á árinu. Stjórnarmenn halda félaginu gangandi og gera það sem gera þarf. Fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa stutt okkur beint og óbeint eru færðar þakkir.

Jens Benedikt Baldursson formaður

Í viðauka hér á eftir eru myndir og textar frá síðasta starfsári. Einnig myndir með merkingum á svæðum okkar. Þessar myndir eru sumar á heimasíðu okkar eða á Facebook-síðunni en reynslan sýnir að varhugavert er að treysta á að slíkar vefsíður lifi lengi. Þá varð þetta til þess að farið var yfir myndasafnið og myndir valdar. Það er töluverð vinna en nauðsynlegt til að veita innsýn í starf félagsins og sýna vöxt trjáanna.

Viðaukarnir eru tveir. Viðauki 1 er myndasafn síðasta árs. Viðauki 2 eru myndir af skógræktarsvæðum Skógræktarfélags Akraness og merkingar svæða. Þetta er sami viðauki og fylgdi ársskýrslunni 2021. Þess vegna er þessum viðauka sleppt í prentuðu ársskýrslunni 2022 en vísað í ársskýrsluna á vefsíðu okkar skogak.com og prentuðu ársskýrsluna 2021.

Viðauki 1 með myndum og textum sem margar hafa birst á heimasíðu okkar:

<https://www.skogak.com/> eða á Facebook-síðunni: <https://www.facebook.com/groups/326273417742172/>

4. jan. Mikil hálka myndaðist nokkrum sinnum í Slögu fram til mars. - 2. feb. Furur gægjast upp úr snjónum.



11.-12. mars. Einar Guðleifsson. Nokkrir gróðurbalar fylltust af vatni sem fraus. Hafa þarf nóg af götum á böllum til að hleypa vatninu út. Í einu hvassviðrinu fuku frárennslisrör sem við höfðum nýverið keypt langar vegalengdir og enduðu sum í skurðum.



23.-28. mars. Í leysingum stífluðust frárennslisrör nokkrum sinnum. Þá fór yfirborðsvatn stundum illa með stíga.



Einar Guðleifsson smíðaði nýtt hlið við inngang 4 að Slögu. Þá þurfti að laga hliðið við efsta innganginn í Slögu.



25. mars - 6. apríl. Við fengum mold í Slögu, tré voru færð og laga þurfti girðingar að Akrafjalli vegna snjóá og grjóthruns.



8. apríl. Inngangur 1 í Slögu. 11. - 25. apríl. Gönguhlið við inngang 4 í Slögu smíðað og komið fyrir.



25. apríl. Kristín, Bjarni, Oddný, Einar. - 29. apríl. Einar réttir af sírenu sem fauk um koll við þjóðveginn. Toppurinn á skiltinu í Slögu fauk af í einu rokinu og hefur ekki fundist.




4. maí. Rótarýfélagar grisjuðu í Slögu. Bjarni, Guðmundur Páll, Jens. - Bjarni við reynitré úr garði þeirra Kristínar.



Maí. Mold sótt í Gufunes. - Asparstiklingar settir í potta með mold. - Bjarni og Kristín setja stiklinga í potta.



Maí. Girðing ofan Slögu löguð. - Nýtt ræsi og hlið við inngang 3. Ræsi við inngang 1 lengt



Lok maí. Unnið við nýjan aðalinngang í Slögu. Mikill raki var á svæðinu og ákveðið að fá jarðvegsdúk á hluta þess



30. maí. Berjarunnar gróðursettir við Einbúann. 31. maí. Soroptimistar gróðursettu í Slögu



31. maí. Soroptimistar gróðursetja. - Rollur komust inn í Slögu og nöguðu tré og ollu nokkru tjóni.



2. júní. Sjálfbóðaliðar Grétars gróðursettu með okkur í Slögu. Grétar á fyrstu myndinni.



Sjálfbóðaliðar Grétars af höfuðborgarsvæðinu ásamt félögum í Skógræktarfélagi Akraness.

- 31. maí. Jarðvegsdúkur var lagður undir hluta nýja stígsins við innganginn í Slögu þar sem var blautast. Dúkurinn sparaði ótrúlega mikið efni og vinnu.



4. júní. Nýji stígurinn við aðalinnganginn í Slögu tilbúinn. Vatnsrás og ræsi meðfram stígnum.



15. júní. Nýtt gönguhlið að Ósi tilbúið. Hliðið fyrir bíla var lagað en það er notað af Veitum enda er þarna vatnsverndarsvæði. 13. júní. Ný borð sett saman, m.a. borð sem Sorooptimistar keyptu.



16. júní. Auglýst gróðursetning fyrir almenning. Gróðursett var neðan gömlu Slögu.



16. júní. gróðursetn. fyrir almenning. - 20. júní pottað við Einbúann. - 21. júní. Frárennsli frá útiklósettinu í Slögu var stíflað og þurfti að grafa það upp og breyta lögninni að rotþrónni.



Svæðið slegið fyrir Líf í lundi. - 27. júní kl. 18 - 20 var Líf í lundi haldið í Slögu.



Skógræktarfélagið hélt Líf í lundi í samvinnu við Skátafélag Akraness og Norræna félagið á Akranesi. Greinar voru tálgaðar, deig vafið um þær og bakað yfir eldi, ketilkaffi, pylsur grillaðar, bingó, axarkast, þóra sagði sögu og margt fleira. Veðrið var ágætt og fólk undi sér vel í skóginum fram eftir kvöldi.



Stígarnir voru valtaðir nokkrum sinnum til að jafna þá og troða grasið niður. Valtarinn er fylltur með vatni og vegur 400 kg.



Lok júlí. Garðahlynur, eikur, kastaníur o.fl. í uppeldi við Einbúann. Hrymurinn dafnar vel efst í Slögu. Hrymur og birki sem var sett niður fyrir ofan girðinguna dafnar illa, kindurnar hafa nagað trén eða brotið.



1. ágúst. Tilkynnt um skemmdir í Slögu. Í lagi daginn áður. Eldur kveiktur á einu nýja borðanna og það eyðilagt. Brotist inn á klósettið (sem ekki var í lagi) en ekki unnar skemmdir inni í því.



Sjálfböðaliðar SÍ unnu með okkur 15. - 19. ágúst. Pottað og hirt um pottatré, gróðursett í Garðaflóa, neðan Slögu og prófað að setja furur ofan Slögu. Hirt um eldri tré, tekið til og margt fleira



Narfi mældi tæplega 150 cm ársvöxt. Potta-ösp (áður stiklingur). Rudi og Simone frá Ítalíu, Ana frá Spáni.



Aneta frá Póllandi og David frá Spáni. - 25. ágúst. Aspir gróðursettar. - 28. ágúst. Skrautreynir gróðursettur til minningar um Philippe Ricart með fjölskyldu hans.



29. ágúst. Pottað við Einbúann. - 6. sept. Gróðursett með skátum nálægt Klapparholti.



Reynitré og birkitré voru gróðursett.



Sept. Garðahlynur gróðursettur, er afmælisgjöf frá SÍ - Eikur, kastaníur, hlynur o.fl. tré í pottum - Reyniber marín í potti og síðan blandað við mold. Vonandi fáum við reynitré upp á næsta ári.



28. sept. Útskriftarnemendur Fjölbrauaskólans gróðursetja í Garðaflóa.



Sept. Valdimar Guðmundsson gaf okkur gám og veitti okkur aðstöðu inná Grundartanga við að þrifa og mála hann. Hann og Guðjón aðstoðuðu okkur við að gera gáminn kláran. Bjarmar flutti gáminn í Slögu og kom honum fyrir milli hinna gámana en 3 metrum innar. Þetta býr til skjól bæði að framan og að aftan sem oft er þörf á í rokinu við fjallið. Bjarmar lagaði planið og bætti við möl og gróf tvo 2 tonna steinsteypestöpla undir afturenda gámsins. Steðji festi síðan gáminn við stöplana og sauð gámana saman. Í nýja gámnum er stefnt að því að útbúa samkomuaðstöðu.




Okt. - nóv. Færa þurfti nokkur tré í Garðaflóa vegna framkvæmda. Reynitré, ösp, fura. Sett niður í Slögu



Soroptimistasvæðið, reynitré og fura gróðursett. - Nóv. Grafa frá Ingólfi



Nóv. Við fengum lánaða 1,5 tonna gröfu frá Ingólfi Valdimarssyni. Hún var notuð til að grafa frárennslirásir meðfram stígum, setja niður frárennslirör, gera stíga og margt fleira. Reyndist afskaplega vel en í einu hvassviðrinu brotnaði afturrúðan og var þá sjálfhætt í gröfuvinnu þetta árið.




21. nóv. 80 ára afmæli Skógræktarfélags Akraness sem stofnað 18. nóv. 1942. Afmælisfundur í Jónsbúð kl. 18. Bjarni var fundarstjóri og Katrín fundarritari. Jónatan Garðarsson formaður SÍ flutti ávarp.



M.a. fjallaði Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri um skógrækt og skipulag. Skógræktarfélagið fékk góðar kveðjur og gjafir frá Akranesbæ, Skógræktarfélagi Skilmannahrepps, Skógræktarfélagi Borgfirðinga, Soroptimistum, Skátafélagi Akraness, Norræna félaginu, Skógræktarfélagi Íslands o.fl.




18. des. jólatrjáasala í norðan strekkingi og 8 stiga frosti. - Myndir frá desember og september




Viðauki 2. Skógræktarsvæði og merkingar




Gróðursvæði Skógræktarfélags Akraness meðfram þjóðveginum 2018. Græna merkingin sýnir svæðið sem við fengum skv. samningi 4. nóv. 2002. Hestamenn nýttu stærstan hluta þess og girðingar þeirra voru ekki færðar fyrir en sumarið 2018 og þá skv. nýju deiliskipulagi. Smávægileg breyting var gerð 2021



Slaga 2013 með svæðamerkingum. Samningur frá 1990. Merkingarnar eru notaðar til að auðkenna hvar gróðursett var.



Neðsti hluti Slögu sem tilheyrir skógræktarsvæðinu skv. samningnum 1990. Girt 2018, hluti landsins var tættur og tré gróðursett. Síðan þá hefur verið gróðursett og stígar lagðir og ræsi sett niður. Númer stíga byrjar á NS (neðri Slaga). Lengd stíga er einnig á myndinni.



Stígar í Slögu og lengd þeirra í metrum. Stígar í Slögu eru númeraðir en í neðri Slögu byrja öll stíganúmer á NS.

Svæði neðan Slögu sem Skógræktarfélag Akraness óskar eftir að fá til skógræktar (neðsta myndin). B-svæðið tilheyrir skógræktarfélaginu skv. samningi frá 1990 en var fyrst girt 2018.

A-svæðið: Samningur var tilbúinn til undirritunar 2009 en var ekki undirritaður. Annars allt klárt.

Við óskum eftir D og E ásamt A og Akranesbær hefur lýst yfir velvilja en málið hefur dregist vegna skipulagsmála í Hvalfjarðarsveit og lögfræðipvars við landeigendur.

2021 fékk Akranesbær skipulagsvald yfir landareign sinni á svæðinu og auglýsti nýtt aðalskipulag til umsagnar. Við óskuðum eftir stækkun skógræktarsvæðisins, jafnvel að hluti Moldartippa yrði útivistar- og skógræktarsvæði. Einnig að svæðið ofan Slögu yrði landgræðslu- og skógræktarsvæði.



Skógræktarfélag Akraness

Dalbraut 21, 300 Akranesi

<http://www.skogak.com/> jensbb@internet.is 897 5148

Facebook síða: <https://www.facebook.com/groups/326273417742172>

Kennitala: **6906892949**

Stjórn 2022 - 2023:

Jens Benedikt Baldursson, formaður

Bjarni Þóroddson, varaformaður

Eiríkur Karlsson, gjaldkeri

Katrín Leifsdóttir, ritari

Meðstjórnendur:

Einar J. Guðleifsson - Oddný Björgvinsdóttir

Varamenn:

Ellert Kristinn Jósefsson - Helena Valtýsdóttir - Hjördís Hjartardóttir - Jóhannes Simonsen

Leó Jóhannesson - Margrét Þorvaldsdóttir - Stefán Teitsson

Skoðunarmenn ársreikninga:

Lárus Ársælsson - Stefán Teitsson, varamaður

Stjórnin var kosin á aðalfundi félagsins 15. mars 2022